			12	0	0	0			2,67			

**Grenilundur** - meðalnýtingarhlutfall 0,22

einb.	tvíb.	par.	rað.	alls
-	-	-	-	-
12	0	0	0	12

- fjöldi íbúðalóða

### Einilundur

lóð nr.	ár	fjöldi íbúða				flatarmál		nýtingarhlutfall					
		einb.	tvíb.	par.	rað.	hús alls	lóð	einb.	tvíb.	par.	rað.		
192	1	1971	1				242,0	1.039	0,23				
193	2	1972	1				195,0	1.038	0,19				
194	3	1973	1				175,5	972	0,18				
195	4	1972	1				199,9	972	0,21				
196	5	1972	1				176,0	972	0,18				
197	6	1972	1				176,0	972	0,18				
198	7	1972	1				189,5	869	0,22				
199	8	1973	1				187,2	869	0,22				
200	9	1977	1				198,4	928	0,21				
201	10	1975	*	1			324,7	1.248	0,26				
				10	0	0	0			2,08			

Einilundur - meðalnýtingarhlutfall 0,21

\* sjá nánar mat í húsakönnun - fjöldi íbúðalóða

einb.	tvíb.	par.	rað.	alls
10	0	0	0	10

### Gígjulundur

lóð nr.	ár	fjöldi íbúða				flatarmál		nýtingarhlutfall					
		einb.	tvíb.	par.	rað.	hús alls	lóð	einb.	tvíb.	par.	rað.		
202	1	1973	1				265,0	1.038	0,26				
203	2	1973	1				202,2	1.096	0,18				
204	3	1977	1				182,0	1.026	0,18				
205	4	1975	1				184,9	1.026	0,18				
206	5	1973	1				200,4	869	0,23				
207	6	1973	1				202,1	923	0,22				
208	7	1975	*	1			347,0	1.230	0,28				
209	8	1978	1				295,6	1.290	0,23				
				8	0	0	0			1,76			

\* sjá nánar mat í húsakönnun Gígjulundur - meðalnýtingarhlutfall 0,22

- fjöldi íbúðalóða

einb.	tvíb.	par.	rað.	alls
8	0	0	0	8

### Hörpulundur

lóð nr.	ár	fjöldi íbúða				flatarmál		nýtingarhlutfall					
		einb.	tvíb.	par.	rað.	hús alls	lóð	einb.	tvíb.	par.	rað.		
210	1	1973	1				200,7	1.096	0,18				
211	2	1973	1				201,9	1.160	0,17				
212	3	1973	1				279,2	1.026	0,27				
213	4	1976	1				252,9	1.080	0,23				
214	5	1973	1				200,0	923	0,22				
215	6	1973	1				252,2	977	0,26				
216	7	1976	1				199,0	1.290	0,15				
217	8	1978	1				324,3	1.350	0,24				
				8	0	0	0			1,73			

Hörpulundur - meðalnýtingarhlutfall 0,22

- fjöldi íbúðalóða

einb.	tvíb.	par.	rað.	alls
8	0	0	0	8

	fjöldi íbúða alls			
	einb.	tvíb.	par	rað
Heiðarlundur	16	2		
Hofslundur	10			5
Hörgslundur	10			5
Reynilundur	10			4
Espilundur	10		2	
Víðilundur	14			
Hvannalundur	16			
Skógarlundur	12			5
Asparlundur	10			6
Þrastarlundur	10			10
Efstilundur	10			3
Furulundur	10			
Grenilundur	12			
Einilundur	10			
Gígjulundur	8			
Hörpulundur	8			
	<hr/>			
	176	2	2	38

---

5.5 **Upphaflegir skilmálar ofl.**

- Byggingaskilmálar fyrir lóðir í Hofsstaðalandi 1967
  - Leiðbeiningar fyrir húsbyggjendur í Garðahreppi 1967
  - Byggingaskilmálar fyrir lóðir við Grenilund og Furulund 1969
  - Byggingaskilmálar fyrir lóðir við Heiðarlund 1970
  - Byggingaskilmálar fyrir lóðir við Einilund 1971
  - Byggingaskilmálar fyrir lóðir við Skógarlund 1971
  - Byggingaskilmálar fyrir lóðir við Asparlund, Þrastarlund og Efstalund 1972
  - Byggingaskilmálar fyrir lóðir við Hörpulund og Gígjulund 1972
-



250. fund  
BN 1.11.1967  
Staðfest í sveppum  
12.12.'67  
LUNDIR

Byggingaskilmálar fyrir lóðir

í Hofstaðalandi

1. Á hverri lóð skal reisa eitt einnar hæðar íbúðarhús ásamt bifreiðageymslu fyrir tvær bifreiðir. Bifreiðageymsla skal á eðlilegan hátt falla inn í útlit hússins. Lágmarksbreidd bifreiðageymslu er 6 metrar, innanmál, hurðagöt má ekki steypa þrengri en 2,7 m.
2. Hús skal sett á lóð samkvæmt lóðaruppdrætti. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Að hliðar- og bakmörkum gilda línur þessar sem lágmarksfjarlægð húshluta frá mörkum. Hafa skal samráð við byggingafulltrúa um þakform.
3. Mesta hæð húss frá botnplötu má vera 3,3 m.
4. Halli á innakstursbrautum í bifreiðageymslu má að jafnaði ekki vera meiri en 4%.
5. Á uppdráttum skal sýna fyrirhugaða jarðvegshæð á lóð, plötuæðir og aðrar hæðir, sem máli kunna að skipta. Þar skal sýna öll þau mannvirki, sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni, svo sem skjólveggi. Girðingar um lóð má ekki gera nema að fengnu samþykki bygginganefndar.
6. Þar sem lóðir liggja að götu eða stíg, sér lóðarhafi um frágang kanta. Í hliðar- og bakmörkum, þar sem hæðarmismunur er milli lóða, skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafi hærri lóðar sjái um frágang kants á mörkum. Hæðarmismunur skal eyðast inn á hærri lóð.
7. Litaval utanhúss skal háð samþykki byggingafulltrúa.
8. Teikningar skulu hafa borizt til bygginganefndar Garðahrepps fyrir 1. maí 1968, en byggingaframkvæmdir geta hafizt í júlí 1968. Sérstök áherzla er lögð á, að hvert byggingahverfi byggist sem jafnast upp. Þess vegna eru skilyrði sett um hvenær ákveðnu byggingarstigi skuli lokið samkvæmt eftirfarandi:  
Grunnur skal byggður fyrir 1. okt. 1968.  
Bygging skal vera fokheld 1. júlí 1969.  
Bygging skal vera fullfrágengin utan og lóð jöfnuð 1. ág. 1969.

Ef lóðarhafi lýkur ekki ákveðnu byggingarstigi fyrir ákveðinn tíma, eins og segir hér að framan, er réttur hans til lóðarinnar fallinn niður. Verða þá þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á lóðinni, metnar af dómkvöddum matsmönnum, sem sýslumaður tilnefnir. Fær lóðarhafi endurgeiðslu samkvæmt því mati, auk gatnagerðargjaldsins. Einnig getur hreppsnefnd látið vinna á kostnað lóðarhafa þá þætti, sem lent hafa í drætti.

9. Þar sem lóðir þær, er byggingaskilmálar þessir ná til, eru í skipu - lögðu einbýlishúsahverfi, eru byggingar, sem reistar verða á þeim, einungis ætlaðar sem íbúðir með nauðsynlegu geymslurými og öll önnur notkun þeirra því óheimil.

Samþykkt í bygginganefnd Garðahrepps 1.11. 1967.

3N FEBRUÁR 1967

## LEIÐBEININGAR

### FYRIR HÚSBYGGJENDUR Í GARÐAHREPPI

Húsbýggjendum er skylt að fara eftir reglum þeim, sem um getur í byggingasamþykkt fyrir Garðahrepp, svo og þeim sérstöku reglum, sem settar eru fyrir einstök hverfi.

Bygginganefnd heldur reglulega fundi 1. og 3. miðvikudag hvers mánaðar. Byggingaleyfisumsóknir skulu berast byggingafulltrúa eigi síðar en næsta mánudag fyrir fund. Umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem fást á skrifstofu hreppsins. Umsóknum fylgi teikningar í tvíriti af fyrirhuguðu húsi, lóðaruppdráttur og hæðarblað, ef fyrir hendi er. Umsóknum um byggingaleyfi á lóðum, öðrum en þeim, sem úthlutað er af Garðahreppi, fylgi sönnun fyrir lóðarréttindum.

Uppdrættir skulu gerðir af arkitektum, byggingaverkfræðingum og byggingatæknifræðingum.

Umsækjanda verður send skrifleg tilkynning um afgreiðslu bygginganefndar á umsókn hans eigi síðar en tveimur dögum eftir fund.

Byggingaleyfi verður gefið út þegar umsækjandi hefur fullnægt eftirfarandi atriðum :

- a) Afhent byggingafulltrúa skriflega yfirlýsingu iðnmeistara (húsa-smíðameistara, múrarmeistara og pípulagningameistara) á þar til gerðu eyðublaði, að þeir standi fyrir framkvæmdum við bygginguna, hver í sinni iðngrein.
- b) Fengið samþykktar þær sérteikningar, sem krafizt er í byggingasamþykkt (þ. e. undirstöður, frárennsli, vatnslögn, burðarþol, hitalögn, raflögn samþykkt af viðkomandi rafveitu).
- c) Sýnt kvittun fyrir greiðslu gatnagerðargjalds. Byggingaleyfisgjald greiðist við útgáfu byggingaleyfis.

Byggingafulltrúi veitir upplýsingar um útmælingu lóðarinnar.

Varðandi a) lið hér að ofan, tekur meistari á sig þá ábyrgð með sinni skriflegu yfirlýsingu, að framkvæmdir verði í samræmi

Snú

við uppdrætti, veitt leyfi, lög og reglur, sem til greina kunna að koma.

Ef meistari lættir umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið, skal það tilkynnt byggingafulltrúa. Skal þá fara fram úttekt á þeim hluta byggingar sem lokið er, og má ekki halda áfram framkvæmdum fyrr en annar meistari hefur ábyrgzt byggingu.

Húsbyggjanda er óheimilt að láta vinna nokkurt iðnverk án vitundar viðkomandi meistara.

Úttektir eru framkvæmdar af byggingafulltrúa. Hlutaðeigandi meistara er skylt að óska eftir úttekt á eftirfarandi með minnst sólarhrings fyrirvara:

1. Jarðvegsundirstöðum áður en uppsláttur hefst.
2. Sökkulmótum og járnalögn.
3. Lögnum í grunn.
4. Grunn, áður en botnplata er steipt.
5. Veggjum hæða og járnalögn eða timburgrind.
6. Þakplötu eða loftplötum og járnalögn.
7. Þakviðum og bitum.
8. Vatns- og frárennslislögnum að götuæð.
9. Vatnslögnum innanhúss og hitalögnum.

Þeir húsbyggjendur, sem ætla að sækja um lán til húsnæðismálastjórnar, þurfa að leggja inn lánsúmsókn til stofnunarinnar áður en byggingaframkvæmdir hefjast.

Athygli skal vakin á því ákvæði byggingasamþykktar, að lóðir má einungis girða á þann hátt, er bygginganefnd samþykkir.

Yfirleitt má gera ráð fyrir, að lóðarhafi sé ábyrgur fyrir því tjóni, sem verða kann á götum og leiðslum í götum af völdum byggingaframkvæmda hans.

Viðtalstími byggingafulltrúa er á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 10.00 - 12.00 og á mánudögum kl. 17.00 - 19.00.

Í febrúarmánuði 1967

BYGGINGANEFND GARÐAHREPPS

279. fundu  
BH 22.1.1969  
staðfest 8. apríl  
1969

Byggingaskilmálar fyrir lóðir við

Grenilund og Furulund

1. Á hverri lóð skal reisa eitt einnar hæðar íbúðarhús ásamt bifreiðageymslu fyrir tvær bifreiðir. Bifreiðageymsla skal á eðlilegan hátt falla inn í útlit hússins. Lágmarksbreidd bifreiðageymslu er 6 metrar, innanmál, hurðagöt má ekki steypa þrengri en 2,7 m.
2. Hús skal sett á lóð samkvæmt lóðarupprætti. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Að hliðar- og bakmörkum gilda línur þessar sem lágmarksfjarlægð húshluta frá mörkum. Hafá skal samráð við byggingafulltrúa um þakform.
3. Mesta hæð húss frá botnplötu má vera 3,5 m.
4. Halli á innakstursbrautum í bifreiðageymslu má að jafnaði ekki vera meiri en 4%.
5. Á uppdráttum skal sýna fyrirhugaða jarðvegshæð á lóð, plötuæðir og aðrar hæðir, sem máli kunna að skipta. Þar skal sýna öll þau mannvirki, sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni, svo sem skjólveggi. Girðingar um lóð má ekki gera nema að fengnu samþykki bygginganefndar.
6. Þar sem lóðir liggja að götu eða stíg, sér lóðarhafi um frágang kanta. Í hliðar- og bakmörkum, þar sem hæðarmismunur er milli lóða skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafi hærri lóðar sjái um frágang kants á mörkum. Hæðarmismunur skal eyðast inn á hærri lóð.
7. Litaval utanhúss skal háð samþykki byggingafulltrúa.
8. Teikningar skulu hafa borizt til bygginganefndar Garðahrepps fyrir 1. maí 1969, en byggingaframkvæmdir geta hafizt í júlí 1969. Sérstök áherzla er lögð á, að hvert byggingahverfi byggist sem jafnast upp. Þess vegna eru skilyrði sett um hvenær ákveðnu byggingarstigi skuli lokið samkvæmt eftirfarandi:  
Grunnur skal byggður fyrir 1. okt. 1969.  
Bygging skal vera fokheld 1. júlí 1970.  
Bygging skal vera fullfrágengin utan og lóð jöfnuð 1. ág. 1970.

Ef lóðarhafi lýkur ekki ákveðnu byggingarstigi fyrir ákveðinn tíma, eins og segir hér að framan, er réttur hans til lóðarinnar fallinn niður. Verða þá þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á lóðinni, metnar af dómkvöddum matsmönnum, sem sýslumaður tilnefnir. Fær lóðarhafi endurgreiðslu samkvæmt því máti, auk gatnagerðargjaldsins. Einnig getur hreppsnefnd látið vinna á kostnað lóðarhafa þá þætti, sem lent hafa í drætti.

9. Þar sem lóðir þær, er byggingaskilmálar þessir ná til, eru í skipulögðu einbýlishúsakverfi, eru byggingar, sem reistar verða á þeim, einungis ætlaðar sem íbúðir með nauðsynlegu geymslurými og öll önnur notkun þeirra því óheimil.

Samþykkt í bygginganefnd Garðahrepps 22. 1. 1969.

(BN 25.9.1970) ?

Byggingaskilmálar fyrir lóðir við

Heiðarlund.

1. Á hverri lóð skal reisa eitt einnar hæðar íbúðarhús ásamt bifreiðageymslu fyrir tvær bifreiðar. Bifreiðageymsla skal á eðlilegan hátt falla inn í útlit hússins. Lágmarksbreidd bifreiðageymslu er 6 metrar, innanmál, hurðagöt má ekki steypa þrengri en 2,7m.
2. Hús skal sett á lóð samkvæmt lóðaruppdrætti. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Að hliðar- og bakmörkum gilda línur þessar sem lágmarksfjarlægð húshluta frá mörkum. Hafa skal samráð við byggingafulltrúa um þakform.
3. Mesta hæð húss frá botnplötu má vera 3,5 m.
4. Halli á innakstursbrautum í bifreiðageymslu má að jafnaði ekki vera meiri en 4%.
5. Á uppdráttum skal sýna fyrirhugaða jarðverghæð á lóð, plötuhæðir og aðrar hæðir, sem máli kunna að skipta. Þar skal sýna öll þau mannvirki, sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni, svo sem skjólveggi. Girðingar um lóð má ekki gera nema að fengnu samþykki bygginganefndar.
6. Þar sem lóðir liggja að götu eða stíg, sér lóðarhafi um frágang kanta. Í hliðar- og bakmörkum, þar sem hæðarmismunur er milli lóða skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafi hærri lóðar sjái um frágang kants á mörkum. Hæðarmismunur skal eyðast inn á hærri lóð.
7. Litaval utanhúss skal háð samþykki byggingafulltrúa.
8. Teikningar skulu hafa borizt til bygginganefndar Garðahrepps fyrir 1. júlí 1970, en byggingaframkvæmdir geta hafizt í þeim mánuði. Sérstök áherzla er lögð á, að hvert byggingahverfi byggist sem jafnast upp. Þess vegna eru skilyrði sett um hvenær ákveðnu byggingarstigi skuli lokið samkvæmt eftirfarandi:

Grunnur skal byggður fyrir 1. okt. 1970.

Bygging skal vera fokheld 1. júlí 1971.

Bygging skal vera fullfrágengin utan og lóð jöfnuð  
1. ág. 1971.

Ef lóðarhafi lýkur ekki ákveðnu byggingarstigi fyrir ákveðinn tíma, eins og segir hér að framan, er réttur hans til lóðarinnar fallinn niður. Verða þá þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á lóðinni, metnar af dómkvöddum matsmönnum, sem sýslumaður tilnefnir. Fær lóðarhafi endurgreiðslu samkvæmt því mati, auk gatnagerðargjaldsins. Einnig getur hreppsnefnd látið vinna á kostnað lóðarhafa þá þætti, sem lent hafa í drætti.

9. Þar sem lóðir þær, er byggingaskilmálar þessir ná til, eru í skipulögðu einbýlishúshverfi, eru byggingar, sem reistar verða á þeim, einungis ætlaðar sem íbúðir með nauðsynlegu geymslurými og öll önnur notkun þeirra því óheimil.

Samþykkt í bygginganefnd Garðahrepps 25.5. '70



BN MARS 1971

Byggingaskilmálar fyrir lóðir við-

Einilund

1. Á hverri lóð skal reisa eitt einnar hæðar íbúðarhús ásamt bifreiðageymslu fyrir tvær bifreiðar. Bifreiðageymsla skal á eðlilegan hátt falla inn í útlit hússins. Lágmarksbreidd bifreiðageymslu er 6 metrar, innanmál, hurðagöt má ekki steypa þrengri en 2,7 m.
2. Hús skal sett á lóð samkvæmt lóðaruppdrætti. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Að hliðar- og bakmörkum gilda línur þessar sem lágmarksfjarlægð húshluta frá mörkum. Á lóðum nr. 9 og 10 er þó byggingalína að bakmörkum bindandi, en hliðar- og framlínur gilda sem lágmarksfjarlægð húshluta frá mörkum. Hafa skal samráð við byggingafulltrúa um þakform.
3. Mesta hæð húss frá botnplötu má vera 3,5 m.
4. Á uppdráttum skal sýna fyrirhugaða jarðvegshæð á lóð, plötuhaðir og aðrar hæðir, sem máli kunna að skipta. Þar skal sýna öll þau mannvirki, sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni, svo sem skjólveggi Girðingar um lóð má ekki gera nema að fengnu samþykki bygginganefndar.
5. Þar sem lóðir liggja að götu eða stíg, sér lóðarhafi um frágang kanta. Í hliðar- og bakmörkum, þar sem hæðarmismunur er milli lóða skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafá hærri lóðar sjái um frágang kants á mörkum. Hæðarmismunur skal eyðast inn á hærri lóð.
6. Litaval utanhúss skal háð samþykki byggingafulltrúa.
7. Teikningar skulu hafa borízt til bygginganefndar Garðahrepps fyrir 1. maí 1971, en byggingaframkvæmdir eiga að geta hafizt í júní 1971. Sérstök áherzla er lögð á, að hvert byggingahverfi byggist sem jafnast upp. Þess vegna eru skilyrði sett um hvenær ákveðnu byggingarstigi skuli lokið samkvæmt eftirfarandi:

Grunnur skal byggður fyrir 1. okt. 1971.

Bygging skal vera fókheld 1. júlí 1972.

Bygging skal vera fullfrágengin utan og lóð jöfnuð 1. ág. 1972.

Ef lóðarhafi lýkur ekki ákveðnu byggingarstigi fyrir ákveðinn tíma, eins og segir hér að framan, er réttur hans til lóðarinnar fallinn niður. Verða þá þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á lóðinni, metnar af dómkvöddum matsmönnum, sem sýslumaður tilnefnir.

Fær lóðarhafi endurgreiðslu samkvæmt því mati, auk gatnagerðargjaldsins. Einnig getur hreppsnefnd látið vinna á kostnað lóðarhaf þá þætti, sem lent hafa í drætti.

8. Þar sem lóðir þær, er byggingaksilmálar þessir ná til, eru í skipulögðu einbýlishúsahverfi, eru byggingar, sem reistar verða á þeim, einungis ætlaðar sem íbúðir með nauðsynlegu geymslurými og öll önnur notkun þeirra því óheimil.

Samþykkt í bygginganefnd Garðahrepps í marz 1971.

BN MARS 1971

Byggingaskilmálar fyrir lóðir við

Skógarlund

1. Á hverri lóð skal reisa eitt einnar hæðar íbúðarhús ásamt bifreiðageymslu fyrir eina bifreið. Bifreiðageymsla skal á eðlilegan hátt falla inn í útlit hússins. Lágmarksbreidd bifreiðageymslu er 3,7 metrar, innanmál, hurðargat má ekki steypa þrengra en 2,7 m.
2. Hús skal sett á lóð samkvæmt lóðaruppdrætti. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Að hliðar- og bakmörkum gilda línur þessar sem lágmarksfjarlægð húshluta frá mörkum. Á lóðum þeim er að Vífilsstaðavegi liggja er sú byggingalína sem að veginum snýr bindandi en aðrar línur gilda sem lágmarksfjarlægð frá lóðamörkum. Hafa skal samráð við byggingafulltrúa um þakform.
3. Mesta hæð húss frá botnplötu má vera 3,5 m.
4. Á uppdráttum skal sýna fyrirhugaða jarðvegshæð á lóð, plötuhæðir og aðrar hæðir, sem máli kunna að skipta. Þar skal sýna öll þau mannvirki, sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni, svo sem skjólveggir Girðingar um lóð má ekki gera nema að fengnu samþykki bygginganefndar.
5. Þar sem lóðir liggja að götu eða stíg, sér lóðarhafi um frágang kanta. Í hliðar- og bakmörkum, þar sem hæðarmismunur er milli lóða skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafi hærri lóðar sjái um frágang kants á mörkum. Hæðarmismunur skal eyðast inn á hærri lóð.
6. Litaval utanhúss skal háð samþykki byggingafulltrúa.
7. Teikningar skulu hafa borizt til bygginganefndar Garðahrepps fyrir 1. maí 1971, en byggingaframkvæmdir eiga að geta hafizt í júní 1971. Sérstök áherzla er lögð á, að hvert byggingahverfi byggist sem jafnast upp. Þess vegna eru skilyrði sett um hvenær ákveðnu byggingarstigi skuli lokið samkvæmt eftirfarandi:

Grunnur skal byggður fyrir 1. okt. 1971.

Bygging skal vera fokheld 1. júlí 1972.

Bygging skal vera fullfrágengin utan og lóð jöfnuð 1. ág. 1972.

Ef lóðarhafi lýkur ekki ákveðnu byggingarstigi fyrir ákveðinn tíma, eins og segir hér að framan, er réttur hans til lóðarinnar fallinn niður. Verða þá þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á lóðinni, metnar af dómkvöddum matsmönnum, sem sýslumaður tilnefnir. Fær lóðarhafi endurgreiðslu samkvæmt því mati, auk gatnagerðargjaldsins. Einnig getur hreppsnefnd látið vinna á kostnað lóðarhafa þá þætti, sem lent hafa í drætti.

8. Þar sem lóðir þær, er byggingaskilmálar þessir ná til, eru í skipulögðu einbýlishúsahverfi, eru byggingar, sem reistar verða á þeim, einungis ætlaðar sem íbúðir með nauðsynlegu geymslurými og öll önnur notkun þeirra því óheimil.

Samþykkt í bygginganefnd Garðahrepps í marz 1971.

BN MARS 1972

Byggingaskilmálar fyrir lóðir við

Asparlund, Prastarlund og Efstalund.

1. Á hverri lóð skal reisa eitt einnar hæðar íbúðarhús ásamt bifreiðageymslu fyrir tvær bifreiðar. Bifreiðageymsla skal á eðlilegan hátt falla inn í útlit hússins. Lágmarksbreidd bifreiðageymslu er 6 metrar, innanmál, hurðargöt má ekki steypa þrengri en 2,7 m.
2. Hús skal sett á lóð samkvæmt lóðaruppdrætti. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Að hliðar- og bakmörkum gilda línur þessar sem lágmarksfjarlægð húshluta frá mörkum. Hafa skal samráð við byggingafulltrúa um þakform.
3. Mesta hæð húss frá botnplötu má vera 4 m.
4. Á uppdráttum skal sýna fyrirhugaða jarðvegshæð á lóð, plötuhæðir og aðrar hæðir, sem máli kunna að skipta. Þar skal sýna öll þau mannvirki, sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni, svo sem skjólveggi. Griðingar um lóð má ekki gera nema að fengnu samþykki bygginganefndar.
5. Þar sem lóðir liggja að götu eða stíg, sér lóðarhafi um frágang kanta. Í hliðar- og bakmörkum, þar sem hæðarmismunur er milli lóða skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafi hærri lóðar sjái um frágang kants á mörkum. Hæðarmismunur skal eyðast inn á hærri lóð.
6. Litaval utanhúss skal háð samþykki byggingafulltrúa.
7. Teikningar skulu hafa borizt til bygginganefndar Garðahrepps fyrir 1. júní 1972, en byggingaframkvæmdir eiga að geta hafizt í júní 1972. Sérstök áherzla er lögð á, að hvert byggingahverfi byggist sem jafnast upp. Þess vegna eru skilyrði sett um hvenær ákveðnu byggingarstigi skuli lokið samkvæmt eftirfarandi:

Grunnur skal byggður fyrir 1. okt. 1972.

Bygging skal vera fokheld 1. júlí 1973.

Bygging skal vera fullfrágengin utan og lóð jöfnuð 1.sept. 1973.

Ef lóðarhafi lýkur ekki ákveðnu byggingarstigi fyrir ákveðinn tíma, eins og segir hér að framan, er réttur hans til lóðarinnar fallinn niður. Verða þá þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á lóðinni, metnar af dómkvöddum matsmönnum, sem sýslumaður tilnefnir.

Fær lóðarhafi endurgreiðslu samkvæmt því mati, auk gatnagerðargjaldsins. Einnig getur hreppsnefnd látið vinna á kostnað lóðarhafa þá þætti, sem lent hafa í drætti.

8. Þar sem lóðir þær, er byggingaskilmálar þessir ná til, eru í skipulögðu einbýlishúsahverfi, eru byggingar, sem reistar verða á þeim, einungis ætlaðar sem íbúðir með nauðsynlegu geymslurými og öll önnur notkun þeirra því óheimil.

Samþykkt í bygginganefnd Garðahrepps í marz 1972.

BYGGINGARSKILMÁLAR FYRIR LÓÐIR  
VIÐ HÖRFULUND OG GÍGJULUND.

---

1. Á hverri lóð skal reisa eitt einnar hæðar íbúðarhús ásamt bifreiðageymslu fyrir tvær bifreiðar. Bifreiðageymsla skal á eðlilegan hátt falla inn í útlit hússins. Lágmarksbreidd bifreiðageymslu er 6 metrar, innanmál, hurðargöt má ekki steypa þrengri en 2,7 m.
2. Hús skal sett á lóð samkvæmt lóðaruppdrætti. Byggingarlínur að götu eru bindandi. Að hliðar-og bakmörkum gilda línur þessar sem lágmarksfjarlægð húshluta frá mörkum. Hafa skal samráð við byggingarfulltrúa um þakform.
3. Mesta hæð húss frá botnplötu má vera 4 m.
4. Á uppdráttum skal sýna fyrirhugaða jarðvegshæð á lóð, plötuhæðir og aðrar hæðir, sem máli kunna að skipta. Þar skal sýna öll þau mannvirki, sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni, svo sem skjólveggi. Girðingar um lóð má ekki gera nema að fengnu samþykki bygginganefndar. Þegar ýtt er upp úr lóð, má ekki ýta inn á aðrar lóðir eða götu. Þegar hraunfylling er í grunn undir sökkla, skal vatns-og skolpfrárennsli frágengið áður en grunnur er steypdur.
5. Þar sem lóðir liggja að götu eða stíg, sér lóðarhafi um frágang kanta. Í hliðar-og bakmörkum, þar sem hæðarmismunur er milli lóða, skal sú regla gilda um frágang kanta, að lóðarhafi hærri lóðar sjái um frágang kants á mörkum. Hæðarmismunur skal eyðast inn á hærri lóð.
6. Litaval utanhúss skal háð samþykki byggingafulltrúa.
7. Teikningar skulu hafa borizt til bygginganefndar Garðahrepps fyrir 1.apríl 1973, en byggingafrámkvæmdir eiga að geta hafizt í maí 1973. Sérstök áherzla er lögð á, að hvert byggingahverfi byggist sem jafnast upp. Þess vegna eru skilyrði sett um hvenær ákveðnu byggingarstigi skuli lokið samkvæmt eftirfarandi:  
Grunnur skal byggður fyrir 1.okt.1973.  
Bygging skal vera fókheld 1.júlí 1974.  
Bygging skal vera fullfrágengin utan og lóð jöfnuð 1.sept. 1974.

Ef lóðarhafi lýkur ekki ákveðnu byggingarstigi fyrir ákveðinn tíma, eins og segir hér að framan, er réttur hans til lóðarinnar fallinn niður. Verða þá þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á lóðinni, metnar af dómkvöddum matsmönnum, sem sýslumaður tilnefnir.

Fær lóðarhafi endurgreiðslu samkvæmt því mati, auk gatnagerðargjaldsins. Einnig getur hreppsnefnd látið vinna á kostnað lóðarhafa þá þætti, sem lent hafa í drætti.

8. Þar sem lóðir þær, sem byggingaskilmálar þessir ná til, eru í skipulögðu einbýlishúsahverfi, eru byggingar, sem reistar verða á þeim, einungis ætlaðar sem íbúðir með nauðsynlegu geymslurými og öll önnur notkun þeirra er því óheimil.

Samþykkt í bygginganefnd Garðahrepps í nóvembermánuði 1972.